

3. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar setur sérstaka gjaldskrá fyrir þjónustu FUNA sem veitt er aðilum utan marka kaupstaðarins. Ef aðili er með rekstur bæði innan og utan marka bæjarfélagsins skal greiða sérstaklega fyrir förgun sorps frá þeim hluta starfseminnar sem staðsett er utan Ísafjarðarbæjar. Fyrir förgun brotajárns skal greiða sérstaklega 7 kr. fyrir hvert kíló. Aðilar skulu sjálfir sjá um að koma brotajárni á móttökustað í FUNA.

Heimilt er að innheimta fyrir urðun á rækjuskel og öðrum stoðgrindum hryggleysingja sem svarar áætluðum urðunarkostnaði sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

4. gr.

Að lokinni álagningu gjalda, samkvæmt B. lið 2. gr., gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við gjalddöku bæjarstjórnar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrifleg og vel rökstudd og er bæjarstjórn heimilt að breyta gjalddöku með tilliti til réttmæti framsettra athugasemda.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, er sett samkvæmt samþykkt fyrir sorphirðu hjá Ísafjarðarbæ, nr. 135/2000 og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Ísafjarðarbæ nr. 131/2003.

Ísafjarðarbæ, 2. janúar 2004.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

frá fjármálaráðuneytinu.

Í samræmi við ákvæði 3. mgr. 12. gr. laga nr. 94/2001, um opinber innkaup, skulu viðmiðunarfjárhæðir fyrir útboðsskyld kaup á vörum, þjónustu og verkum, breytast og verða sem hér segir:

Kaup á vörum	5.410.000 kr.
Kaup á þjónustu og verkum	10.819.000 kr.

Breyting þessi tekur gildi 1. febrúar 2004.

Fjármálaráðuneytinu, 5. janúar 2004.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Stefán Jón Friðriksson.